

## Fundargerð 106. fundar stjórnar SSNV, 10. apríl 2024

Miðvikudaginn 10. apríl 2024, kom stjórn SSNV saman til auka fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 8.30. Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, Einar E. Einarsson, Magnús Magnússon, Vignir Sveinsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

- Viðaukasamningur við samning um nýsköpunarverkefnið EIM.
- Beiðni um tilnefningu í starfshóp um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal.

## Afgreiðslur

### 1. Viðaukasamningur við samning um nýsköpunarverkefnið EIM

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hófu viðræður um samstarfsverkefni á grunni hringrásarhagkerfisins, orkuskipta og nýsköpun á Norðurlandi vestra í þeim tilgangi að stuðla að þróun nýrra verkefna til þess að ýta undir frekari verðmætasköpun á svæðinu og bætta nýtni auðlinda. Horft verður til nýtingu á glatvarma frá iðnaði, fléttun hliðarstrauma inn í ný verkefni og uppbyggingu, þróun og tækni tengt húshitun á köldum svæðum. Einnig er stefnt að því að styðja við vöxt sprotafyrirtækja og vinna með starfandi fyrirtækjum að rannsókn- og þróunarverkefnum sem auka verðmætasköpun á svæðinu. Ráðuneytið, Landsvirkjun og SSNV telja mikilvægt að hefja formlegt samstarf sem fyrst og leggja því til að fyrsta skrefið verði tekið með aðkomu SSNV að samstarfverkefninu Eimi.

Samningurinn gildir frá apríl 2024 til desember 2026. Heildarfjárhæð samnings nemur 120 milljónum króna. Samningur gerir ráð fyrir tveimur stöðugildum staðsettum á Norðurlandi vestra.

Stjórn samþykkir samning og felur framkvæmdastjóra að undirrita og klára fyrir hönd stjórnar í samræmi við umræður á fundinum.

### 2. Beiðni um tilnefningu í starfshóp um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal.

Í bréfi frá Forsætisráðuneytinu er óskað eftir tilnefningu frá SSNV í starfshóp um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal. Tilnefna skal bæði karl og konu í samræmi við 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Stjórn tilnefnir Álfhildi Leifsdóttir og Einar E. Einarsson í starfshópinn fyrir hönd SSNV. Forsætisráðuneytið velur að endingu fulltrúa í starfshópinn.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 09:21.

Guðmundur Haukur Jakobsson,

Einar E. Einarsson,

Vignir Sveinsson,

Magnús Magnússon,

Jóhanna Ey Harðardóttir,

Katrín M. Guðjónsdóttir.